

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefur heimilað Laxárvirkjun, Akureyri, að hækka heildsöluverð seldrar raforku um 11% — ellefu af hundraði.

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 161.

21. apríl 1975.

REGLUGERÐ

um takmörkun á loðnuveiðum íslenskra skipa í Norðvestur-Atlantshafi.

1. gr.

Allar loðnuveiðar íslenskra skipa í Norðvestur-Atlantshafi eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Gildir þetta á svæði, sem markast af línu sem dregin er frá stað á strönd Rhode Island á 71°40' v.lgd. réttvísandi í suður til 39°00' n.br., þaðan í austur til 42°00' v.lgd., þaðan í norður til 59°00' n.br., þaðan í vestur til 44°00' v.lgd., og þaðan norður til Grænlandsstrandar.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið veiðileyfi samkvæmt 1. gr. þeim skilyrðum, er þurfa þykir til þess að tryggja framkvæmd þeirra veiðikvóta og reglna, sem samþykktar hafa verið eða kunna að verða samkvæmt alþjóðasamningi um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sem undirritaður var í Washington 8. febrúar 1949, ásamt síðari bókunum.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 56 12. maí 1970.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 56 12. maí 1970 um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. apríl 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.